

Meðferð „pólítískra“ fanga á Indlandi

LONDON — Tveir menn, sem setið hafa í fangelsum í Indlandi um sjö mánaða skeið, og þar af verið 10 vikur í hungurverkfalli, eru nýkomnir til London. Annar þeirra er námsmaður frá Nýja-Sjálandi, fæddur í Bretlandi og heitir Richard White. Hinn er ástralskur vinur hans, Andrew Colbert að nafni. Þeir kváðust hafa verið í stöðugum næturýfirheyrslum í fjórar vikur, áður en þeir voru fluttir í fangelsi. Hvorugur þeirra var nokkurn tímann ákærður fyrir glæp af einhverju tagi.

Báðir eru þeir félagar í Andanda Marga-hreyfingunni, sem starfar í 25 löndum og fæst við félagsaðstoð og hugleiðslu.

Leiðtogi þessarar hreyfingar, sem jafnframt er stofnandi hennar, er P.R. Sarkar, þekktur undir nafninu Andamurti. Hann hefur verið í hungurverkfalli í fjögur ár, meðan hann bíður eftir réttarhöldum vegna ákæru um morð. White skýrði svo frá, að einn þeirra manna, sem hann hefði verið sakaður um að hafa myrt, hefði verið í fangelsinu með þeim félögum.

White var tekinn til fanga í september 1975, en mánuði áður hafði Indira Gandhi forsætisráðherra sakað Andanda Marga-hreyfinguna fyrir að hafa staðið á bak við morðið á járnbrautarmálaráðherranum í stjórn hennar, morðtilraun við dómsmálaráðherra landsins svo og fyrir ráðabrigg um að ráða hana sjálfa af dögum.

White hefur vísað þessum aðdróttunum eindregið á bug. „Það kom til fjandskapar með Andanda Marga og leiðtogum Kongressflokksins og Kommúnistaflokksins í Calcutta“, segir hann. „Það er ekkert óeðlilegt miðað við það, hvernig hreyfingin starfar. Við viljum ekki aðeins létta þjáningar fólks heldur ráðast gegn rötum þeirra meinsemda, sem hrjá það. Hreyfingin varð vinsæl á Indlandi vegna þess að hún lagðist gegn hvers konar spillingu. Það var þess vegna, sem kongressmönnum og kommúnistum tók að standa stuggur af henni og hófu ofsóknir á hendur okkur, áður en hreyfingin var formlega bönnuð og félagar hennar hnepptir í fangelsi.“

White lagði stund á verkfræði við háskólann í Auckland, en árið 1973 gerði hann hlé á námi og hélt til Astralíu. Þar komst hann í kynni við Andrew Colbert, og fóru þeir saman til Indlands til að vinna þar á vegum Ananda Marga.

Erfiðleikar þeirra hófust sunnudagskvöld í septemberlok 1975. „Við höfðum verið úti um daginn og vorum rétt komnir heim, þegar lögreglumenn knúðu dyra og báðu okkur að

þar á meðal var annar ritari brezkusendisveitarinnar, Perrót að nafni. Eg kallaði til hans nöfn okkar og þjóðerni, og þá handtók lögreglan hann líka, en honum var þó fljótlega sleppt.“

Þeir félagar voru yfirheyrðir í 24 daga, áður en þeir voru fluttir í fangelsi. Yfirheyrslurnar fóu að mestu leyti fram að næturþeli.

„Meðan við dvöldumst í fangageymslu lögreglunnar“, segir White, „vorum við allan tímann nema þegar yfirheyrslur fóru fram í lítilli kytru ásamt 25 fögnum öðrum, og næstum því allir þeirra reyktu. Gluggarnir voru uppi undir lofti og mikil loftþyngsla voru í klefnum. Við höfðum enga sápu né heldur greiðu og gátum aldrei haft fataskipti. Við fengum að borða tvisvar á dag og matarskammturinn var tver hveitibrauðsneidar, ein teskeið af jógúrt og smávegis af grænmeti.“

White segir enn fremur að margir fanganna hafi verið bláir og bólgnir á fótum og sum staðar hafi ígerð verið komin í sárin. „Við komumst að því að þeir höfðu verið hengdir upp á fótunum og barðir í iljarnar. Þetta var mjög algeng aðferð til að fá fram játningu fyrir smáglæpi. Margir saklausir játuðu á sig brot aðeins til að sleppa við barsmíðarnar.“

„Þegar við neituðum að svara spurningum“, heldur White áfram, „höfðu lögreglumennirnir óspart í hótunum við okkur og höfðu grófar móðganir í frammi.“

Yfirheyrslurnar héldu áfram í 5 mánuði, og stundum voru þeir félagar leiddir fyrir rétt, en réttarhöldunum lyktaði ævinlega á þá lund, að lögreglan tjáði dómaranum, að hún þyrfti dálítið meira svigrúm og tíma til að komast til botns í málinu. Þegar hér var komið tilkynntu þeir dómaranum, að þeir hygðust vera í hungurverkfalli, þar til skýlaus ákæra hefði verið lögð frá á hendur þeim. En loks tókst sendisveitum Bretlands og Astralíu að fá tvímenningana látna lausa eftir mikla eftirgangsmuni.

Nú þegar Richard White hefur verið látinn laus beinast



Indira Gandhi

áhyggjur hans einkum að Andamurti (Sakar). „Hann hefur nú verið í þriggja ára hungurverkfalli og drekkur aðeins nokkra bolla af horlick á dag, enda er hann ekki sagður svipur hjá sjón“, segir hann. Það er erfitt að geta sér til um, hversu lengi enn hann getur lifað við þessar aðstæður.

Amnesty International hefur um nokkurra ára skeið fylgt með meðferðinni á Sakar og einnig hefur William T. Wells fyrrum þingmaður fylgt með honum að eigin frumkvæði. Árið 1974 fór hann til Indlands gagnert til að kynna sér mála-vöxtu. Þá gaf hann mjög ófagrar lýsingar af ástandi fangans og lét í ljós þungar áhyggjur af heilsu hans.

Í skýrslu sinni gagnrýndi Wells Andanda Marga-hreyfinguna á ýmsa lund. Hann sagði, að ekki gæti farið hjá því, að indversk stjórnvöld hefðu ímugast á henni, þar sem hún fordæmir hina rötgrónu stéttaskiptinu á Indlandi og vandaði um við spillingaröflin. Hann sagði enn fremur, að þar sem hreyfingin fengist mjög við andleg viðfangsefni, væri hún alger andhverfa þeirra flokka, sem eingöngu berðust fyrir þessa heims gæðum, þar á meðal kommúnista. Hann gagnrýndi Sakar enn fremur fyrir það að gefa andstöðingum sínum höggstað á sér með því að láta þessi andlegu samtök taka á sig pólitíska mynd.

Niðurstaða Wells var samt sem áður sú, að enda þótt Sakar ætti einhverja sök á því, hvernig fyrir honum væri komið, væri það staðreynd, að hann væri að þrotum kominn vegna hungurverkfalls sem hann hefði farið í sökum sinnar bjargföstu sannfæringar, að hann og hreyfing hans sættu hörðum ofsóknum.

1—2% minni framleiðsla í iðnaði

Í HAGSVEIFLUVOG iðnaðarins, fyrir 1. ársfjórðung þessa árs, sem nú er komin út, benda niðurstöður til þess, að nokkur samdráttur hafi orðið í iðnaðarframleiðslu á 1. ársfjórðungi 1976 miðað við 1. ársfjórðung 1975. Ætla má samkvæmt þeim upplýsingum sem bárust um hlutfallslega breytingu framleiðslunnar á 1. ársfjórðungi 1976 miðað við 1. ársfjórðung 1975, að framleiðslan hafi minnkað í kringum 1—2%, og þarf að leita allt til ársins 1969 að sambærilegri niðurstöðu. Þetta stafar að sjálfsögðu mest af verkföllum í febrúarmánuði s.l. Einnig varð framleiðslan á 1. ársfjórðungi þessa árs talsvert minni en á síðasta ársfjórðungi 1975, en í fyrra varð framleiðslan einnig nokkru minni á 1. ársfjórðungi en á 4. ársfjórðungi 1974. Nú eins og á undanförunum árum er búist við að framleiðslan aukist á 2. ársfjórðungi miðað við 1. ársfjórðung. Nýting afkastagetu í iðnaði var talin nokkru betri í lok 1. ársfjórðungs 1976 en í lok 4. ársfjórðungs 1975.

Starfsmenn voru heldur færri við lok 1. ársfjórðungs 1976 en um áramót og var gert ráð fyrir, að þeim fjölgaði talsvert á 2. ársfjórðungi í ár. Venjulegur vinnutími við lok 1. ársfjórðungs var að jafnaði svipaður eða heldur lengri en um áramót. Af þeim fyrirtækjum, sem svöruðu spurningum Hagsveifluvogarinnar, svöruðu fyrirtæki með 55% mannaflans játandi spurningu um fyrirhugaða fjárfestingu á árinu 1976, en á sama tíma í fyrra höfðu 30% fyrirtækjanna fyrirætlanir um fjárfestingu. Fyrirliggjandi pantanir og verkefni voru töluvert meiri við lok 1. ársfjórðungs en í ársbyrjun. Í þeim upplýsingum sem bárust kom fram að framleiðsluaukningin miðað við árið áður hafi mest orðið í skógerð og sítun og verkun skinna og lítillsháttar í brauð- og kökugerð, sælgætisgerð, matvæla-iðnaði og skipasmíðum. Í flestum öðrum iðngreinum varð annað hvort kyrrstaða eða framleiðslan dróst saman. Mestur var samdrátturinn í steinefnaði (steypugerð o.fl.), húsgagnagerð og innréttingasmíði, málningar-gerð og þrónaíðnaði.

Hagsveifluvogin er tekin saman af Félagi íslenskra iðnrekenda og Landssambandi iðnaðarmanna. (Fréttatilkynning.)

Íslenzk vefjaralist í Álaborg

26. júní s.l. var opnuð í listasafni Álaborgar sýning á norrænni vefjarlist. Sýningin verður haldin þriðja hvert ár og er sú fyrsta sinnar tegundar á Norðurlöndunum. Að þessu sinni verður sýningin farandsýning og fer frá Álaborg til Noregs, þaðan til Svíþjóðar, áfram til Finnlands, Íslands og Færeyja. Alls bárust 800 verk á sýninguna, en aðeins 100 hlutu náð fyrir augum dómnefndar, þar af 10 frá Íslandi. Dómnefnd var skipuð 5 fulltrúum, einum frá hverju landi og sat af Íslands hálfu í nefndinni Ásgerður Búadóttir.

Íslenzku listamennirnir, sem eiga verk á sýningunni, eru: Arndís Ögn Guðmundsdóttir, Ásgerður Búadóttir, Ragna Róbertsdóttir, Sigrún Sverrisdóttir, Sigurlaug Jóhannsdóttir og Þorbjörg Þórðardóttir. Sýningin kemur til Íslands í janúar á næsta ári og verður á Kjarvalsstöðum. Allur undirbúningur hér heima varðandi Nordisk Textiltiennale var framhald á bls. 20

HEF OPNAÐ BLÓMAVERSLUN

65

ÁÐUR BLÓMAVERSLUN HVAMMUR

STEFÁNS BLÓM

VIÐ BARÓNSSTÍG
SÍMI 10771

FULL BÚÐ AF
BLÓMUM OG
GJAFAVÖRUM

BLÓMA-
SKREYTINGAR
VIÐ ÖLL
TÆKIFÆRI

SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER